

19. gr.

Um skaðabótaskyldu.

- 19.1. Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.
Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur má ákveða þær af tveimur dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats ef það gengur honum ekki í vil.
- 19.2. Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnarlaga.

20. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

- 20.1. Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Bolungarvíkur. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnarlaga.
- 20.2. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Bolungarvík, nr. 284/1972, sbr. nr. 137/1975.

Samgönguráðuneytið, 20. desember 1985.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Reykjahlíðar.**

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnsheimils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu heimils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður heimilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling heimils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa, og eru sem hér segir:

- | | |
|--|--------------|
| a) Fastagjald á ári fyrir hvert hús | kr. 7 128,00 |
| b) Vatnsgjald á ári pr.m ³ húss | kr. 30,84 |

Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 m³ kr. 101 808,00

Hús 400—2000 m³:

Fyrir 400 m³ kr. 101 808,00

og á hvern rúmmetra þar yfir kr. 87,96

Hús stærri en 2000 m³:

Fyrir 2000 m³ kr. 242 928,00

og á hvern rúmmetra þar yfir kr. 70,44

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 6 437,00

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk 480,00 kr. í hvert skipti.

6. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 433 14. nóvember 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1985.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.